

13. Frumvarp

til laga um hafnargerð á Skagaströnd.

(Lagt fyrir Alþingi 1929).

1. gr.

Til hafnargerðar á Skagaströnd veitist úr rikissjóði helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem stjórnin hefir samþykkt, þegar fje er veitt til þess í fjárlögum, alt að kr. 350,000 — þrjú hundruð og fimmtíu þúsund krónum — gegn jafnmiklu tillagi frá hafnarsjóði Skagastrandar.

Fjárhæð þessi greiðist hafnarnefnd Skagastrandar að sömu tiltölu og hafnarsjóður leggur fram til fyrirtækisins.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til þess að lána hafnarsjóði Skagastrandar úr Viðlagasjóði alt að 350,000 kr., er hafnarnefnd þarf að taka til hafnargerðarinnar, gegn því, að sýslusjóður Austur-Húnavatnssýslu ábyrgist greiðslu $\frac{1}{3}$ hluta lánsins gagnvart Viðlagasjóði, en hreppssjóður Vindhælishrepps $\frac{2}{3}$ hluta þess. Lánið veitist til 40 ára, með 5% vöxtum og jöfnum afborgunum, en skal vera vaxtalaust og afborganalaust þangað til höfnin er nothæf. Tillagið úr rikissjóði og ábyrgð rikissjóðs er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sje falið manni, sem stjórnarráðið samþykkir.

3. gr.

Sjerhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem hafnargerðin hefir í för með sjer, alt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Skagastrandar. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga

frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinnu ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Skagastrandar.

4. gr.

Hafnarmerki skulu vera: Frá Höfðatá bein lína til suðurs í Djúpsker og þaðan til lands sunnanvert Árbakkasteins í Hrafnárós.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, nje fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Vindhælishrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hættu stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20–500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Vindhælishrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytlisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn, 2 kosnir af hreppsnefnd Vindhælishrepps, en 1 af sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 3 ára og gengur 1 úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti. Að minsta kosti 2 nefndarmenn skulu eiga heima í Skagastrandarkauptúni, eða í nágrenni þess.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytlisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, nje endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Hafnarsjóður á alt það land, innan hafnargarðs, sem nú flýtur yfir með stórstaumsflóði.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau er hjer segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Helming hækkunar lóðarleigu í Höfðahólalandi, og $\frac{1}{4}$ hluta lóðargjalds nýrra lóða. Þar til núgildandi leigumálar eru fallnir úr gildi, skulu, þegar höfnin er nothæf, dómkvaddir menn meta sanngjarna lóðarleigu á 5 ára fresti, og skulu lóðaleigjendur þá greiða í hafnarsjóð $\frac{1}{4}$ af þeirri upphæð, sem matið er hærra en núverandi leigumáli ákveður.
3. Af skipum og bátum, er hafna sig í Skagastrandarhöfn, og farmi þeirra:
 - a. Lestagjald.
 - b. Vitagjald.
 - c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
 - d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
 - e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Vindhælishrepps semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölulið 3 a, b og c.

12. gr.

Nú má álita, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin, með sjerstöku samþykki stjórnarráðsins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldsskyldar og útflutningsgjaldsskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 11. gr., má taka lögtaki.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykta fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjulíðum.

15. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttur aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sjerstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo timanlega sem kostur er, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sjer.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið liður, að óumflýjanlegt sje, að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyr má ekki framkvæma verkið nje stofna til tekjuhállans.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári, og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og hreppsreikninga.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru, höfninni viðvikjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara, sem almenn lög-reglumál.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Á Alþingi 1928 var borið fram frumvarp til laga um hafnargerð á Skagaströnd af þm. A.-Hún. Rannsókn á hafnarstæðinu hafði farið fram árið 1921 og er skýrsla um þá rannsókn prentuð í riti því sem gefið var út 1922 um hafnarannsóknir stjórnarráðsins á árunum 1917—1921. Með því að margt hefir breyst síðan mun þinginu ekki hafa þótt málið undirbúið sem skyldi og lank því svo á þinginu, að frumvarpið var ekki útrætt, en var vísað til stjórnarinnar til frekari rannsókna og undirbúnings. Stjórnin ljet því á síðastliðnu ári rannsaka hafnarstæðið grandgæfilega að nýju og hafa verið gjörðar fullkomnar áætlanir um verkið og uppdrættir af höfninni. Hefir verið gert ráð fyrir að viðunandi höfn geti orðið gerð á Skagaströnd fyrir tæpar 700000 krónur.

Stjórnin er á þeirri skoðun, að það sje þýðingarmikið mál fyrir aðliggjandi hjeruð og landið í heild sinni að góð höfn væri á hentugum stað við Húnaflóa austanverðan, sem nú er hafnlaus. Frá höfn á Skagaströnd mundi verða gott samband við hjeruðin í Húnavatnssýslu, þar sem nú er orðið. mikið af bílfærum vegum. Og sem sildveiðahöfn mundi Skagaströnd sjálfsagt geta haft mikla þýðingu. Útflutningur á kjöti er einnig mikill úr Húnavatnssýslu og yrði það til mikillar tryggingar fyrir kjötútflutninginn, einkum á frystn kjöti, að fá góða höfn á Skagaströnd.

Með skirskotun til þess, sem að framan segir, þykir stjórninni rjett að leggja frumvarp þetta fyrir Alþingi og er það að mestu samhljóða frumvarpi því, sem lá fyrir síðasta þingi með þeim breytingum, sem hin nýja rannsókn hefir sýnt að þörf er á að því er kostnaðinn snertir. Ráðuneytið telur eptir atvikum sanngjærnt, að greiddur sje að hálfu úr ríkissjóði kostnaðurinn við hafnargerðina og um hinn helminginn ljett undir með hjeraðinu með því að veita hafnarsjóðnum hentugt lán til framkvæmdar verksins.

Þess virðist ekki þörf að fara út í einstakar greinar frumvarpsins, en annars visast til greinargerðarinnar fyrir frumvarpi því, sem lá fyrir síðasta Alþingi og brjefs vitamálastjóra, dags. 28. des. 1928, sem prentað er sem fylgiskjal hjer á eftlr.

VITAMÁLASTJÓRINN.

Reykjavík, 28. des. 1928.

Greinargerð og áætlun um hafnargerð við Skagaströnd.

Einn liðurinn í hafnarrannsóknnum þeim, sem atvinnumálaráðuneytið á sínum tíma fól N. P. Kirk verkfræðingi að framkvæma, og eftir andlát hans mjer í samvinnu við N. C. Monberg í Kaupmannahöfn, var áætlun um hafnargerð við Skagaströnd. Mikil áhersla var lögð á þetta verk, því að bæði er mikil þörf á góðri höfn austan Húnaflóa og á Skagaströnd hagar fremur vel til frá náttúrunnar hendi fyrir hafnargerð. Þörfin er í því fólgin, að engin nothæf útflutningshöfn er fyrir hinar víðáttumiklu og frjósömu sveitir austan við Húnaflóa; þar er enginn staður brúklegur fyrir sildveiðistöð vegna hafuleysis, en sildveiði mætti oft reka með miklum hagnaði á Húnaflóa, væri þar nothæf höfn. Að visu má segja, að sildveiði megi stunda frá fjörðunum í Strandasýslu, en fyrir utan þá er mikill og breiður skerjaklasi, að mestu leyti ómældur, sem ætið mundi verða til hindrunar fyrir síldarútgerð í stórum stil, jafnvel þó að fullkomin sjómæling færi fram. Ennfremur fengist með höfn við Skagaströnd afdrep fyrir skip í óveðrum, en eins og er, er hvergi slíkt afdrep austan megin flóans.

Sú áætlun, sem gerð var 1921, var aðallega miðuð við útflutning og skjól, en hvorutveggja a. m. k. fyrst um sinn í smærri stil. Kostnaðurinn var áætlaður kr. 741500,00, auk bátabryggju við Hólanes, sem var áætluð 40000 kr. Síðan lá málið niðri, þangað til það á þingi 1928, kom fram sem lagafrumvarp um heimild til hafnargerðar við Skagaströnd. Á þinginu var mikill áhugi fyrir því, en ýmsra ástæðna vegna var það ekki leitt til lykta, heldur vísað til stjórnarinnar til frekari undirbúnings. Eitt atriði, sem kom fram, var það, að sumnum þótti

annar staður, lítið eitt sunnar, fullt eins heppilegur til hafnargerðar. Var því af-ráðið að taka málið grandgæflega fyrir að nýju, gera frekari rannsóknir á staðnum og fara nákvæmlega yfir áætlunina.

Þessar rannsóknir á staðnum voru gerðar síðastliðið sumar, og síðan hefir verið gerð, að heita má, alveg ný áætlun um þessa hafnargerð. Sömu leiðis var staður sá, sem af sumum hafði verið talinn heppilegur til hafnargerðar, tekinn til athugunar; hann reyndist ekki hafa neina kosti fram yfir eldri staðinn, en vera að ýmsu leyti lakari. Á skipulagi hafnarinnar hefir verið gerð nokkur breyting: Samkvæmt eldri áætluninni var garðurinn beygður inn eftir, en við nánari athugun þótti heppilegra að hafa hann beinan, í stefnu á Brúnkollu, svo unt verði síðar að gera garð út yfir Árbakkasteina í Brúnkollu og stækka með því höfnina um helming, og gera hana mun skjólbetri. Jafnframt er höfnin áætluð þannig, að hún verði þegar í byrjun nothæfari fyrir skip alment, og sjerstaklega fyrir útgerð. Eldri áætlunin gerði að eins ráð fyrir 30 m bryggjupláss, en það er of lítið ef um nokkra verulega umferð er að ræða, en við því má búast að talsvert verði flutt út frá Skagaströnd, bæði af landbúnaðar og fiskiafurðum, sjerstaklega af síld og ef til vill síðar síldarmjöl og — olíu. Ennfremur er sú breyting gerð frá eldri áætluninni, að uppfyllingunni sem þar er ráðgerð, er að mestu slept, því þó að við því megi búast að síðar verði þörf á slíkri uppfyllingu, tel jeg hennar ekki þörf í fyrstu, enda er það svo einfalt verk, að það má vinna smátt og smátt, eftir þörfum sem vetrarvinnu.

Eins og fyr hefir verið sagt, hefir hafnargerðin verið hugsuð þannig, að höfnin komi að sem mestum notum strax í byrjun, en þó með hliðsjón af því, að síðar megi bæta við þeim mannvirkjum, sem aukin framleiðsla gerir nauðsynleg. Stórskipabryggjan, við hana er um 5 m dýpi, hefir verið gerð 60 m löng, þannig að hvert millilandaskip geti legið við hana og afgreitt sig úr öllum lestaropum samtímis. Jeg tel nauðsynlegt að þetta verði gert þegar í fyrstu, því að það mundi gera talsvert rask að þurfa seinna að lengja bryggjuna. — Áður var ráðgert að gera bátabryggju meðfram eyinni, en með því móti verður ekkert pláss fyrir smærri skip, sem búast má við að leiti þangað, t. d. til síldarútgerðar. Til þess að sjá þeim fyrir hæfilegu pláss, hefi jeg gert ráð fyrir 4 skipabryggjum, við þær verður 3 m dýpi, og jafnframt 1 bátabryggju út frá eyjunni. Af þessum bryggjum verður sú ysta gerð um leið og garðurinn, og í föstu sambandi við hann, en hinar þrjár má gera seinna eftir þörfum, án þess að raska þurfi garðinum sjálfum. Bátabryggjan verður inst, úr timbri, mjög einföld.

Hvað snertir gerð þessara mannvirkja hefir verið fylgt gömlu áætluninni með garðinn sjálfan. Um stórskipabryggjuna hafa verið gerðar 2 áætlanir, í annari er gert ráð fyrir að gera bryggjuna sem uppfyllingu innan járnbentar steinsteypu-kassa, en í hinni innan járnvegs. Fyrri aðferðin er ef til vill traustari og betri, en mnn dýrari, nm 50000 kr., hins vegar álit jeg járnvegginn alveg nógu sterkan, og tel því ekki ástæðu til að nota hina, svo framarlega sem ófyrirsjæðar hindranir koma ekki í veg fyrir hann. Ysta smáskipabryggjan geri jeg ráð fyrir að gerð verði úr steinsteyptum kössum, sem ná alveg inn í garðinn, en hinar þrjár, sem að öðru leyti verða gerðar á sama hátt, verði tengdar við garðinn með járnbitabrum.

Auk þess, sem áður er tekið fram, að til mála geti komið að gera garð að sunnan út í Brúnkollu og byggja jafnframt út syðri part hafnarinnar, má, áður en til þess kemur, gera ýms mannvirki fyrir innan fyrra garðinn, t.d. smábryggju í vikinni, og frá Hólanesi má byggja út í skerið sem þar er fram af og gera þar góða bryggju. Einnig getur nokkur dýpkun komið til mála. Um öll þau mannvirki hefir enn engin áætlun verið gerð, enda engin þörf á því að svo stöddu.

Kostnaðaráætlun um hafnargerð við Skagaströnd.

A. Hafnargerðin miðuð við 60 m stórskipabryggju úr járnbentri steinsteypu, 1 smáskipabryggja og 1 bátabryggja úr timbri.			
1. Garður frá landi út í eyju	kr.	41400,00	
2. Sprenging og jöfnun eyjarinnar	—	54600,00	
3. Skjólgarður fram úr eyjunni	—	332200,00	
4. Skipabryggja úr steinsteypu, 60 m löng	—	125940,00	
5. Garðhaus	—	34350,00	
6. Bryggjur út frá eyjunni:			
30 m bryggja	kr.	46800,00	
3 bryggjur á 20 m	—	81240,00	
30 m bátabryggja	—	7040,00	
			<hr/>
			Kr. 135080,00
			<hr/>
			Kr. 723570,00
Verkstjórn og ófyrirsjeð, 15 ⁰ / ₀	—	108430,00	
			<hr/>
			Kr. 832000,00
B. Hafnargerðin miðuð við 60 m stórskipabryggju með járnvegg, annars eins og A. Byggingarkostnaður 1—6		kr.	679930,00
Verkstjórn og ófyrirsjeð	—	102070,00	
			<hr/>
			Kr. 782000,00
A/ Hafnargerðin eins og A, en þrjár 20 m bryggjurnar í 6. lið er slept. Byggingarkostnaður 1—6		kr.	642330,00
Verkstjórn og ófyrirsjeð	—	96670,00	
			<hr/>
			Kr. 739000,00
B/ Hafnargerðin eins og B, en þrjár 20 m bryggjurnar í 6. lið er slept. Byggingarkostnaður 1—6		kr.	598690,00
Verkstjórn og ófyrirsjeð	—	89310,00	
			<hr/>
			Kr. 688000,00

Th. Krabbe.